

FISKVEIÐASAMÞYKKT**fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.****1. gr.**

Vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og eru að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskiróður, fyrr en svo sem segir hér á eftir:

Á tímabilinu frá	1. janúar til	14. febrúar kl.	1	eftir miðnætti
— — —	15. febr.	— 28. —	12	á miðnætti
— — —	1. marz	— 15. marz	10½	fyrir miðnætti
— — —	16. —	— 31. —	9	— —
— — —	1. apríl	— 20. apríl	8	— —
— — —	21. —	— 15. maí	7	— —

2. gr.

Á frammanfendum róðrartíma skal gefa ljósmerki í landi, eða eftir að ljósmerki sjást ekki úr landi, skal bátur, sem lögreglustjóri tiltekur, gefa ljósmerkið.

Fyr en slíkt ljósmerki hefir verið gefið, er öllum óheimilt að leggja af stað í róður. Þó skal öllum heimilt að fara út fyrir „Sundin“, en þó ekki norðar en að Vestra-Sunds-merkin beri saman, og ekki vestar en að Flasarvitann á Akranesi beri í miðjan Berjadal.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar í byrjun hverrar vetrarvertíðar formenn þriggja báta til þess að líta eftir því, að samþykkt þessari sé fylgt, svo og til að ákveða mið þau, sem ekki má fara út fyrir, fyr en merki hefir verið gefið, samkvæmt 2. gr. Eftirlitsbátar þessir skulu hafa uppi ljós á stag, auk skylduljósá, og má enginn bátur fara út fyrir þá, fyr en ljósmerki hefir verið gefið, samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Samþykkt þessi nær ekki til útilegubáta, né til báta, sem fara á aðra slóð en hina svonefndu vetrarslóð. Vetrarslóð er hér reiknuð allt að 30 sjómílur frá Akranesi.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum. Sektir þessar skulu renna í hafnarsjóð Akraness.

6. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir gert, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15.

ágúst 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafn- 88
framt er úr gildi fallin bráðabirgðasamþykkt um sama efni frá 3. janúar 1934. 3. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um bryggju í Grafarnesi við Grundarfjörð.

89

7. ágúst

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð og semur um borgun fyrir störf hans.

2. gr.

Bryggjuvörður hefir umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skál hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar og ákvörðun hreppsnefndar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða lögmælt gjald og hlíta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Njóta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni. Þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja að bryggjunni tafarlaust til þess að afhenda póstinn.

Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni þess báts (skips), er skemmdirnar hljótað af.

5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað eiganda. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana, og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert svo að full-